

Brim hf.  
Jörgen Sverrisson - Vopnafirði  
Norðurgarði 1  
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2019  
UST201901-307/gf  
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Brim - áður HB Grandi -  
Vopnafjörður**

Þann 17. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Brims á Vopnafirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær athugasemdir voru gerðar sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu. Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti. Skoða þarf staðsetningu neyslugeyma og huga að árekstrarvörnum. Eins að bæta lekavarnir neyslugeymisins.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atríði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 28. desember 2019.**

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

Afrít: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Brim (áður H.B Grandi) Vopnafirði Vopnafjörður



UHMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	17.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Brim (áður H.B Grandi) Vopnafirði	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbyggð 7	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jørgen Sverrisson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik var staðfest í eftirlitsferðinni er varðar skort á mengunarvörnum við neyslugeyma fyrir eldsneyti.

Tvær athugasemdir voru gerðar, annars vegar er varðar geymslu efnavöru og hins vegar skort á upplýsingagjöf til eftirlitsaðila vegna breytingu á úrbótum rekstraraðila við hreinsivirkir starfstöðvar.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmenn voru Dröfn Svanbjörnsdóttir og Leifur Þorkelsson.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu og rýnt í ákveðnar greinar í starfsleyfi fyrirtækisins. Farið var yfir drög að áhættumati með starfseminni en skv. reglugerð 550/2018 skal Umhverfisstofnun byggja tilíni vettvangsheimsókna sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar á kerfisbundnu áhættumati. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020. Farið var yfir leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar kom fram eitt frávik frá starfsleyfi. Ekki var tilkynnt um mengunaróhapp sem varð í verksmiðjunni þegar fita fór í sjóinn vegna ofálags á hreinsivirkir starfstöðvar. Óskað var eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði. Frestur var veittur til 19.2.2019. Úrbótaáætlun rekstraraðila barst til stofnunarinnar 4.2.2019 þar sem fram kom að þriðja þrepstu í fleytingu á fitu yrði bætt við hreinsivirkir til að koma í veg fyrir ofálag. Áætlað var að framkvæmdum yrði lokið 1.7.2019. Í eftirlitsferðinni kom fram að í stað þess að bæta við þriðja þrepstu var brugðist við með þeim hætti að draga úr vatnsnotkun í frystihúsini og minnka þannig álagið á hreinsivirkir þegar til dæmis er unnið með fituríkt hráefni, þ.e. sett voru færibond undir flökunarvélar þannig nú eru bein og afskurðir flutt með færibondum en ekki fleytingu.

Eftifarandi gögnum frá síðustu vettvangsheimsókn hefur verið skilað til eftirlitsaðila:

Grænu bókhaldi fyrir árið 2018, sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi, var skilað í mars sl.

Yfirlýsing þar sem fram kom að magn mengandi efna fyrir árið 2018 hafi verið undir kröfum í viðauka við reglugerð um útstreymisbókhald, sbr. gr. 3.3 í starfsleyfi, var skilað í janúar sl.

Magn mengandi efna í frárennslu var síðast mælt á loðnuvertíð í febrúar 2018 og samkvæmt skýrslu verkfræðistofnunar Verkís mældist magn mengandi efna í öllum tilfellum innan losunarmarka. Fram kom í eftirliti að áætlað er að framkvæma frárennlismælingar fyrir 2019 í nóvember þegar verksmiðjan er í fullum afköstum.

TVN gildi er mælt daglega og niðurstöðum skilað reglulega. Þann 28. maí sl. mældist TVN yfir viðmiðunarmökum og var tilkynnt um atvikið í samræmi við grein 2.9. í starfsleyfi. Í tilkynningunni kom jafnfraðum fram að vindátt hafi verið hagstæð á meðan vinnslu hráefnisins stóð.

Farið var yfir skráningar sem fram koma í gr. 3.1 í starfsleyfi. Mikið af þeim skráningum er að finna í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2018.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar né hafa mengunaróhöpp átt sér stað frá síðustu vettvangsheimsókn.

Hreinlætisáætlun, sbr. gr. 2.23 í starfsleyfi, var fyrirliggjandi hjá fyrirtækinu.

Þjónustuaðilar sjá um tæmingu á fitugildru eftir þörfum sem og flutning á úrgangsolíu. Staðfesting flutningsaðila voru fyrirliggjandi hjá fyrirtækinu.

Viðbragðsáætlun og umhverfismarkmið í samræmi við gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi voru fyrirliggjandi hjá fyrirtækinu. Umhverfismarkmið fyrirtækisins hafa verið endurskoðuð í ár og voru send stofnuninni 15.11.2019. Verið var að vinna í að uppfæra viðbragðsáætlun fyrirtækisins með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.

Að fundi loknum var haldið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Eftirfarandi kom fram á vettvangi.

Hreinsivirki starfstöðvar og umhverfi fituskilju var skoðað.

Varasöm efnavara, s.s. vítið og saltþéturssýra, voru geymd innandyra innan girðingar ekki á lekabyttum. Öryggisblöð fyrir efnin voru til staðar. Niður föll eru á gólfí geymslusvæðisins.

Ástand olíugeyma til afgreiðslu á ökutæki voru skoðuð. Um var að ræða einfalda stálgeyma fyrir vélaoliu. Undirlagið var malbikað en engar árekstrarvarnir voru fyrir hendi.

## Frávik frá

## Lýsing á fráviki

gr. 41 í reglugerð nr. 884/2017 um kröfur til neyslugeyma

Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og slysavarnir við reksturs neyslugeyma. Koma þarf upp árekstrarvörnum og vegna staðsetningu olíugeymanna og skort á lekavörnum ættu þeir að vera tvöfaldir.

## ÁBENDINGAR

1. Upphaflega hafði staðið til að bæta við þriðja þrepunu á hreinsivirki fyrirtækisins samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila dags. 4.2.2019 en frá því var horfið og sú leið farin að draga úr vatnsnotkun í frystihúsini. Rekstraraðili skal upplýsa Umhverfisstofnun um breytingu á úrbótum.


2. Tryggt skal að varasöm efnavara berist ekki í niður föll. Takmarka þarf mengunarhættu eins og völ er á og skulu efni því standa á lekabyttum eða að lágmarki þekja niður föll og hafa ídræg efni við höndina ef efni spillið eða er losað fyrir slysni.

## ANNAÐ

Nú þegar rekstraraðili heitir orðið Brim hf. skal uppfæra áætlanir og gögn sem krafist er í starfsleyfi að liggi fyrir.

Nota Brim hf. í stað HB Granda.

06.12.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.